

# Jafnréttisáætlun

## Jafnréttisáætlun Háskólans á Bifröst 2021 - 2024

Markmið Háskólans á Bifröst með gerð jafnréttisáætlunar eru að jafna aðstöðu kynjanna innan háskólans, m.a. hvað varðar laun og önnur starfskjör, þátttöku í stjórnun og aðstöðu og tækifæri til náms. Jafnréttisáætlun hefur það meginmarkmið að koma í veg fyrir mismunun vegna kyns, kyngervis, fötlunar, aldurs, trúar, skoðana, þjóðernis, kynþáttar eða kynhneigðar. Skólinn kemur til móts við mismunandi þarfir starfsfólks og nemenda eins og eðlilegt getur talist.

Háskólinn á Bifröst hefur gert sérstaka viðbragðsáætlun um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi er skoðast sem hluti af jafnréttisáætlun skólans. Þar er kveðið á um sérstakt fagráð sem fjallar um kvörtunarmál og á heimasíðu skólans er aðgengilegt að koma kvörtunum á framfæri. Forvarnaráætlun er jafnframt í gildi sem fjallar um aðgerðir til að draga úr líkum á því að mál sem varða kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi komi upp.

Þá hefur Háskólinn á Bifröst sett sér sérstaka launastefnu þar sem launakerfi skólans er m.a. kynnt en þessi stefna er jafnframt jafnlaunastefna hans og þannig hluti af jafnréttisáætlun þessari.

Háskólinn á Bifröst hefur útbúið tímasetta aðgerðaáætlun með skýrum markmiðum og tilgreindum ábyrgðaraðilum vegna 5., 6., 12., 13., og 14. gr laga nr. 150/2020 Mannauðsstjóri Háskólans á Bifröst heldur utan um framkvæmd og eftirlit áætlunarinnar. Áætlun þessi er vistuð inn á innri vef Háskólans.

Einnig hefur Háskólinn á Bifröst sett sér nýja stefnu, Stefnumiði 2030.

Stefnuverkefnaáætlun skólans gerið ráð fyrir að eftirfarandi verkefni verði framkvæmd á árunum 2021 til 2024.

- Allir nýir starfsmenn munu fá kynningu á Jafnréttisáætlun og Verklagsreglum um viðbrögð við kynferðislega og kynbundið áreitni og ofbeldi og ætlunin er að starfsmenn þurfa að staðfesta móttöku þess.
- Allir nýnemar munu fá kynningu á Jafnréttisáætlun og Verklagsreglum um viðbrögð við kynferðislega og kynbundna áreitni og ofbeldi.
- Háskólinn á Bifröst mun bjóða uppá þjálfun, námskeið og kynningarefni sem varða þekkingu á mismunun kynja og kynferðislegri og kynbundinni áreitni/ ofbeldi. Þróað verður myndefni og kennsluferlar fyrir alla kennara til að nota.
- Háskólinn á Bifröst mun þróa fræðsluefni varðandi forvarnir gegn stafrænu ofbeldi og kynna starfsfólki og nemendum á skilvirkan hátt.
- Háskólinn á Bifröst mun endurskoða og einfalda ferla fyrir starfsfólk og nemendur til að koma kvörtunum og ábendingum á framfæri.

## Laun og önnur starfskjör

1. Ráðningar innan skólans skulu endurspegla vilja hans til að jafna stöðu kynjanna innan hvarrar rekstrareiningar og deildar. Verði tveir eða fleiri taldir jafnhæfir til starfs, skal sá valinn til starfsins sem er af því kyni sem er í minnihluta á umræddu starfssviði innan skólans.

2. Þegar störf eru auglýst, skal tekið fram að við ráðningar sé tekið mið af jafnréttisáætlun. Taka skal fram í auglýsingum að störf séu opin öllum, óháð kyni og kyngervi, með hvatningu til þeirra sem teljast í minnihluta innan stofnunar til að sækja um ef ástæða er til.
3. Gæta skal að fjölbreytni hvað varðar kyn og kyngervi þeirra sem skipa dómnefndir til hæfnismats.
4. Við úthlutanir á verkefnum eða ákvörðunum um starfsaðstæður skulu næstu yfirmenn gæta þess að ekki eigi sér stað mismunun sbr. markmið jafnréttisáætlunar.
5. Við ákvörðun launa skal þess gætt að ekki sé í mismunað sbr. markmið jafnréttisáætlunar. Jöfn laun og sömu kjör skuli gilda í hvítvetna fyrir jafnverðmæt störf.
6. Í ráðningarsamningum er ekki gerð krafa um trúnað varðandi launakjör.
7. **Komið er til móts við starfsmenn varðandi samhæfingu starfs og fjölskyldulífs.** Enn fremur skulu næstu yfirmenn taka tillit til þarfa starfsfólks með sveigjanleika varðandi fjarvinnu og fjarfundi.
8. Við úthlutanir úr Fræðslusjóði vegna endurmenntunar, námskeiða og ráðstefnuferða og úr Rannsóknasjóði vegna styrkja til rannsókna skulu stjórnir sjóðanna gæta þess að þeir nýtist öllum í starfsliði skólans, óháð persónulegum aðstæðum þeirra eða stöðu.
9. Háskólinn á Bifröst starfrækir jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur sem settar eru fram í staðlinum ÍST 85:2012. Vottunarskírteini vegna jafnlaunavottunar gildir frá 28. júlí 2020 til 28. júlí 2023. Jafnlaunavottun skal endurnýja á þriggja ára fresti og verður henni viðhaldið eins og kveðið er á um í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 150/2020. Með virkri jafnlaunavottun skal tryggt að þeim lögum sé jafnan fylgt í launasetningu.

## Þátttaka í stjórnun

1. Við skipan í stjórnir, ráð og nefndir á vegum skólans skal leitast við að hafa kynjahlutfall sem jafnast.
2. Sé leitað eftir tilnefningum af skólans hálfu í stjórnir, ráð og nefndir, skal lögð áhersla á fjölbreytni í tilnefningum og horft til kynjahlutfalls eins og við verður komið.
3. Jafnréttisnefnd skal í maí ár hvert safna gögnum um kynjahlutfall í stjórnun, nefndum og ráðum fyrir liðið háskólaár.

## Aðstaða og tækifæri til náms

1. Auglýsinga- og kynningarstarf skal miða að því að laða öll kyn jafnt til náms við skólann.
2. Deildir undir forystu deildarforseta skulu leitast við að byggja upp starfsanda í námi og kennslu sem gerir ólíkum kynjum jafnhátt undir höfði. Sama gildir fyrir yfirmenn stoðþjónustu og annarra rekstrareininga.
3. Reglur skólans og túlkun þeirra skulu fela í sér **ókynbundið** svigrúm í námi og próftöku vegna meðgöngu og barnsfæðinga.
4. Reglur skólans, túlkun þeirra, skipulag og framboð náms skulu ennfremur taka mið af mismunandi þörfum sbr. markmið jafnréttisáætlunar.
5. Við reglubundna endurskoðun námsbrauta samkvæmt gæðastefnu skólans skulu deildarforsetar að gæta hvort kynjum sé mismunað í námsefni eða kennslu og hvort ákvæðum 15. gr. laga nr. 150/2020 um jafnréttisfræðslu sé fylgt.

## Framkvæmd og ábyrgð

1. Sérstök jafnréttisnefnd fylgist með framgangi jafnréttisáætlunar og skal fyrir lok febrúar ár hvert gera grein fyrir störfum sínum með skýrslu til rektors og háskólaráðs. Skýrsla nefndarinnar skal gerð samhliða reglubundinni rýningu stjórnenda vegna jafnlaunavottunar. Jafnréttisnefnd er kjörin af háskólaráði eftir tilnefningum og skulu þar sitja þrjár aðilar, einn fulltrúi starfsfólks, einn fulltrúi nemenda og formaður, tilnefndur af rektor.
2. Framkvæmd einstakra þátta jafnréttisáætlunar er á ábyrgð rektors nema annað sé tekið sérstaklega fram.
3. Jafnréttisáætlun skal endurskoðuð af jafnréttisnefnd að undangenginni umræðu í háskólaráði eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku.

Jafnréttisáætlun þessi er uppfærsla á jafnréttisáætlun sem tók gildi 1. ágúst 2019

Yfirlit á fundi í jafnréttisnefnd 14.09.2021

Yfirlit á fundi í Háskólaráði 11.10.2021

Gildir frá 1. ágúst 2021

Næsta endurskoðun fer fram á árinu 2024

Staðfest af rektor 11.10.2021